

Nr. 038 / 15 Goðafoss***Skipverji slasast við sjóbúnað***

IMO.nr. 9086796
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 14



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. febrúar 2015 var Goðafoss að koma til Reykjavíkur. Veður: SSV 12 m/sek.

Þegar verið var að losa sjóbúnað af gámum á lestarlúgu no. 1 féll sjóbúnaðarstöng úr gámi á einn skipverjann sem í kjölfarið kenndi til eymsla í hægri síðu og handlegg.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var búinn að losa báðar sjóbúningsstangirnar að neðan og var að taka aðra stöngina úr gámnum að ofan þegar hin losnaði og féll á hann. Um var að ræða gám í annarri gámahæð og taldi skipverjinn þetta bara vera óhapp.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.